



## Fræðslu- og skemmtifundir

halda áfram á Grand Hótel, Sigtúni 8 Reykjavík, þeir hefjast kl. 13:30 alla eftirfarandi laugardaga

- 7. janúar            4. febrúar            1. apríl            6. maí
- **Hátíðarfundur verður laugardaginn 4. mars.**
- Spiluð verður félagsvist en að henni lokinni er alltaf eitthvað til skemmtunar og fróðleiks.
- Þau sem ekki spila eru auðvitað velkomin á fundina. Sum koma til að njóta veitinga, spjalla við kunningja eða fylgjast með myndasýningu sem er á hverjum fundi.
- Dagskrá að lokinni félagsvist hefst um kl. 15:00.
- Veitingar eru seldar af hlaðborði og kosta kr. 2000 sem er óbreytt frá fyrra ári. Félagið niðurgreiðir þetta gjald um þriðjung.

**Við mætum upp úr kl. 13:00 svo að við getum byrjað að spila stundvíslega kl. 13:30.**



**FKE-fréttir** - *þetta tölublað* - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgafið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [hallth44@gmail.com](mailto:hallth44@gmail.com).

**Allir sem eru á netpóstskrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

## Fundir bókmenntaklúbbsins

verða í Kennarahúsinu við Laufásveg frá kl. 13:30 til u.þ.b. 15:30. Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir leiða starfið.

Fundir klúbbsins verða þessa fimmtudaga:

- 12. og 26. janúar,    9. og 23. febrúar,    9. og 23. mars og 6. og 27. apríl.

## EKKÓkórinn

æfir kl. 16:30 alla þriðjudaga frá . Æfingar eru í húsi Uppeldis- og menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólanum)

Nýir félagar eru velkomnir og er einfaldast að mæta bara á æfingu ef þú vilt slást í hópinn. Það er líka hægt að hafa samband við formann kórsins, Guðrúnu Erlu Björgvinsdóttur, í síma 862-8005 eða einhvern kórféлага.

Stjórnandi kórsins er Bjartur Logi Guðnason.

## Sumarferðir

Farin verður dagsferð um Reykjanes seinnipart júlí mánaðar.

Fyrirhuguð er þriggja daga ferð um Tröllaskaga dagana 29. til 31.

ágúst með tveggja náttu gistingu á Hótel Sigló. Hámarksfjöldi í þessa ferð er 60 manns.

Báðar þessar ferðir eru í vinnslu og verður greint nánar frá þeim í maíblaði FKE- fréttu. **Þar mun og koma fram hvaða dag skráning í ferðirnar hefst.**

### Nýtt!

Komið hefur til tals að efna til 4 - 5 daga golfferðar næsta haust ef áhugi er fyrir hendi. Til að kanna hvort grundvöllur er fyrir slíkri ferð, eru þeir sem áhuga hafa, beðnir að senda tölvupóst **fyrir 20. janúar** á netfangið [hallth44@gmail.com](mailto:hallth44@gmail.com) með efnisheiti **Golf**. Áætlað verð gæti verið á bilinu 100 til 120 þús. kr. Mögulegir áfangastaðir Skotland, England, Írland eða Frakkland. Niðurstöður og nánar um ferð ef af verður, verða birtar í maí blaði FKE-frétta.

